

## **Kynning á skýrslu um fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegt umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins**

Hinn 24. júní 2010 samþykkti stjórn og varastjórn Landssamtaka lífeyrissjóða að fara þess á leit við ríkissáttasemjara að hann skipaði þriggja manna nefnd til að gera úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og áhættumati við fjárfestingar lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins í október 2008.

Í nefndina voru skipaðir: Hrafn Bragason hæstaréttardómari, formaður, Héðinn Eyjólfsson viðskiptafræðingur og Guðmundur Heiðar Frímannsson heimspekíprófessor. Með nefndinni hafa starfað Kristján Geir Pétursson lögfræðingur og Þórunn Ansnes viðskiptafræðingur.

Nefndin hefur nú lokið störfum með útgáfu viðamikillar skýrslu í fjórum bindum sem tekur til starfsemi og fjárfestinga allra 32 aðildarsjóða Landssamtaka lífeyrissjóða á árunum 2006-2009.

Á fundinum munu nefndarmenn kynna meginniðurstöður úttektarinnar og verður skýrslunni jafnframt dreift að fundi loknum.

Skýrslunni er skipt upp í almennan hluta (Bindi 1) og umfjöllun um einstaka lífeyrissjóði (Bindi 2-4). Þess má geta að í 1. bindi skýrslunnar (kafla 2) er að finna samantektarkafli á íslensku og ensku þar sem dregnar eru saman helstu niðurstöður nefndarinnar og jafnframt vísað til annarra kafla hennar þar sem finna má ítarlegri umfjöllun. Ályktanir nefndarinnar um einstaka sjóði er að finna í kafla um viðkomandi lífeyrissjóð í skýrslunni.

Úttektarnefnd Landssamtaka lífeyrissjóða